

Bæjarskrifstofur Hornafjarðar

Númer: 201906011	Mótt: 19/8/19
SKjalag: 0043	Dags: 19/8/19
Afgr: Hrafnhildur	



Bessastöðum,
7. ágúst 2019

Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri
Bæjarskrifstofur
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Kona Matthildur

Við þökkum þér og öllu þínu ágæta samstarfsfólki fyrir þær góðu stundir sem við áttum á unglíngalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði um nýliðna helgi. Við nutum gestrisni ykkar allra á heimavelli, velvildar og hlýhugar, vandvirkni og samviskusemi. Það fór ekki á milli mála að vel var unnið að öllum undirbúningi og þið megið vera stolt yfir því að hafa staðið eins vel að málum og raun bar vitni.

Fróðlegt var og skemmtilegt að ganga um mótssvæðið, hitta gesti og fylgjast með fjörugum ungmönnum í leik og keppni þar sem hrein gleði réð ríkjum. Fróðlegt var og skemmtilegt að sjá hversu vel sveitarfélagið hefur sinnt lýðheilsu og íþrótt- og æskulýðsstarfi. Sundlaugin, keppnisvellir og hús, göngustígar og opin svæði; allt þetta getur aukið lífsgæði og vellíðan og er til marks um öflugt starf ykkar í forystusveitinni.

Við biðjum þig að færa öllum þeim í sveitarfélaginu, sem komu að undirbúningi og framkvæmd unglíngalandsmótsins, þakkir okkar og góðar kveðjur. Við óskum ykkur sömuleiðis velfarnaðar í ykkar mikilvægu og ábyrgðarmiklu störfum í heimabyggð.

Með góðri kveðju,

Guð. Th. Johannesson Erla Keról